

Heilbrigðisráðuneytið, kt. 521218-0530, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, og Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi gera með sér eftirfarandi

Viljayfirlýsing

um byggingu hjúkrunarheimilis

í Kópavogi

1. gr.

Heilbrigðisráðuneytið og Kópavogsbær lýsa yfir vilja til að standa saman að byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 120 rými.

Viljayfirlýsingin er gerð með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum, ákvörðun bæjarstjórnar um fjárveitingu í fjárhagsáætlun og að breytingar á skipulagi gangi eftir.

2. gr.

Áætlað er að reisa hjúkrunarheimilið á lóð við Kópavogsbraut, 200 Kópavogi sem er í eigu Kópavogsbæjar.

3. gr.

Kostnaður við byggingu hjúkrunarheimilisins mun skiptast þannig að 85% greiðast úr ríkissjóði en Kópavogsbær greiðir 15%.

Kostnaður sem fellur til við kaup á búnaði mun greiðast í sömu hlutföllum og nýbyggingin. Um kaup á búnaði gilda sérstakar reglur.

Eignarhlutur hvers aðila verður í samræmi við hlutfallslega skiptingu heildarkostnaðar.

Miða skal við að verkleg framkvæmd geti hafist árið 2023 og að taka megí heimilið í notkun árið 2026.

Reykjavík, 12. janúar 2022

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra

Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026